
Samningur við sjúkraþjálfara vegna greinargerða fyrir einstaklinga í atvinnutengdri starfsendurhæfingu hjá VIRK - Starfsendurhæfingarsjóði

Með undirritaðri og innsendri umsókn sinni um aðild að samningi þessum milli VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs og sjúkraþjálfara, samþykkir sjúkraþjálfari samning þennan og skuldbindur sig til að fara eftir honum í einu og öllu á meðan samningssambandið varir.

1 VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður

Hlutverk VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs (hér eftir VIRK) er að móta, samþætta og hafa eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar, sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa. VIRK starfar samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

VIRK er sjálfseignarstofnun sem að standa öll helstu samtök launafólks og atvinnurekenda á Íslandi. Nánari upplýsingar um stofnaðila má sjá á vefsíðu VIRK.

Helstu áherslupættir þjónustunnar eru eftirfarandi:

1. **Áhersla á þarfir einstaklinga.** Öll þjónusta og aðferðarfræði í starfsendurhæfingu skal taka mið af fjölbreyttum þörfum einstaklinga og taka tillit til andlegrar og líkamlegrar heilsu sem og félagslegra aðstæðna viðkomandi einstaklinga.
2. **Snemmbært inngrip.** Mikil áhersla er lögð á mat til að greina þarfir einstaklinga og snemmbært inngrip sem gerir þeim betur fært að viðhalda eða auka við starfshæfni sína.
3. **Virk þátttaka einstaklinga.** Einstaklingurinn tekur virkan þátt í að skipuleggja endurkomu sína til vinnu eða á vinnumarkaðinn og lögð skal áhersla á að hann sé virkur í skipulagningu og framkvæmd eigin starfsendurhæfingar.
4. **Tengsl við vinnumarkað og atvinnulíf.** Markmiðið er ávallt að einstaklingur viðhaldi ráðningarsambandi sínu eða fái starf við hæfi. Megináhersla skal lögð á endurkomu í sama starf hjá sama atvinnurekanda en ef það er ekki mögulegt þá í annað starf hjá sama atvinnurekanda. Gerð skal áætlun um endurkomu í vinnu í samstarfi við einstakling og alla hagsmunaaðila.

Atvinnutengd starfsendurhæfing byggir á samvinnu og samstarfi við þjónustuaðila innan ólíkra þjónustukerfa og meðal markmiða laga nr. 60/2012 er að starfsendurhæfingin verði einn þáttur í heildstæðu kerfi endurhæfingar, þar sem starfsendurhæfingarsjóðir og stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga starfa saman eins og kostur er.

Í þeim tilfellum sem einstaklingur er í meðferð hjá sjúkraþjálfara í tengslum við atvinnutengda starfsendurhæfingu er nauðsynlegt að góð samskipti og upplýsingastreymi eigi sér stað á milli viðkomandi einstaklings, ráðgjafa VIRK og viðkomandi sjúkraþjálfara, til að auka líkur á árangri af atvinnutengdri starfsendurhæfingu einstaklingsins..

2 Skilgreiningar

Með **ráðgjafa** í þessum samningi er átt við ráðgjafa VIRK sem starfar hjá VIRK eða stéttarfélagum á grundvelli þjónustusamnings við VIRK. Hlutverk ráðgjafans er að veita einstaklingum ráðgjöf til að viðhalda og efla virkni til vinnu. Ráðgjafinn heldur utan um mál einstaklinga, er þeim til aðstoðar, hvetur þá og aðstoðar. Ráðgjafi er tengiliður einstaklinga í starfsendurhæfingarferlinu og vinnur í nánú samstarfi við sérfræðinga VIRK, utanaðkomandi sérfræðinga og þjónustuveitendur um allt land og þar með talið þá heilbrigðisstarfsmenn sem eru aðilar að þessum samningi.

Með **sérfræðingi VIRK** í þessum samningi er átt við sérfræðinga sem starfa hjá VIRK við þróun, umsjón og eftirlit með þjónustu á sviði atvinnutengdrar starfsendurhæfingar.

Með **einstaklingi** í þessum samningi er átt við þá einstaklinga sem eru í þjónustu VIRK (í starfsendurhæfingarferli) og undir handleiðslu ráðgjafa VIRK.

Með **sjúkraþjálfara** í samningi þessum er átt við heilbrigðisstarfsmann sem starfar á grundvelli starfsleyfis sem útgefið er af embætti landlæknis, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn.

Með **greinargerð** í þessum samningi er átt við sérstakt form sem sjúkraþjálfari skal fylla út í upplýsingakerfi VIRK skv. fyrirmælum VIRK þar um.

Með **umsókn** sjúkraþjálfara í þessum samningi er átt við umsókn sem sjúkraþjálfari hefur undirritað og sent VIRK þar sem hann óskar eftir aðild að þessum samningi og VIRK hefur staðfest að hafi verið samþykkt.

Með **þjónustubeiðni** í þessum samningi er átt við tölvupóst eða SMS úr upplýsingakerfi VIRK, frá ráðgjafa eða sérfræðingi VIRK, til sjúkraþjálfara þar sem óskað er eftir þjónustu fyrir tiltekinn einstakling.

Með **upplýsingakerfi VIRK** í samningi þessum er átt við rafrænt upplýsingakerfi VIRK. Gerð er krafa um að samskipti samningsaðila og sending gagna fari fram í því kerfi. Í kerfinu er sjúkraþjálfurum úthlutaður aðgangur að sérstöku heimasvæði (*Mínar síður*) sem aðgengilegt er með rafrænum skilríkjum. Fyrirspurnum og óskum um tæknilega aðstoð vegna kerfisins skal beint til úrræðasviðs VIRK eða á netfangið: urraedi@virk.is.

3 Markmið og gildissvið

Markmið þessa samnings er að koma á samstarfi milli VIRK og sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara til að stuðla að heildstæðu kerfi endurhæfingar hér á landi. Markmið samningsins er að innleiða verklag til að tryggja samfellda þjónustu einstaklinga sem hafa þörf á heilbrigðisþjónustu í formi sjúkraþjálfunar samhliða og í tengslum við atvinnutengda starfsendurhæfingu.

Samningur þessi tekur til viðbótarþjónustu sem sjúkraþjálfarar inna af hendi vegna atvinnutengdrar starfsendurhæfingar einstaklinga sem eru í sjúkraþjálfunarmeðferð, þ.e. upplýsingamiðlun með greinargerðum til VIRK. Samningurinn gildir um samskipti aðila og greiðslur í þeim tilfellum sem sjúkraþjálfarar hafa verið samþykktir til starfa samkvæmt samningi þessum.

4 Aðild að samningnum og afgreiðsla umsókna

Eftir samningi þessum geta eingöngu starfað löggiltir sjúkraþjálfarar sem hafa starfsleyfi útgefið af landlækni skv. 4. gr. laga nr. 34/2012 um heilbrigðisstarfsmenn og uppfylla skilyrði um kostnaðarþátttöku Sjúkratrygginga Íslands.

Umsóknir skulu færðar inn rafrænt við fyrstu innskráningu sjúkraþjálfara í upplýsingakerfi VIRK. Jafnframt þurfa eftirfarandi gögn að fylgja umsókninni:

- a. Ljósrit af löggildingu frá íslenskum yfirvöldum
- b. Starfsferilskrá með upplýsingum um fyrri störf, reynslu og menntun.
- c. Ef sjúkraþjálfari hyggst sinna einstaklingum í fjarheilbrigðisþjónustu skal leyfi Landlæknis til þeirrar starfsemi fylgja umsókn.

Með sama hætti geta sjúkraþjálfunarstöðvar og fyrirtæki, sem óska eftir að eiga samstarf samkvæmt samningi þessum, sent inn umsókn sama efnis og sjálfstæðir sjúkraþjálfarar. Í þeim tilfellum skulu erindinu þó fylgja nöfn sjúkraþjálfaranna sem um ræðir.

Sjúkraþjálfarar sem þegar starfa samkvæmt samningi við VIRK þurfa ekki að senda inn gögn að nýju.

VIRK áskilur sér rétt til að fara yfir umsóknir og hafna þeim. Eftir að VIRK hefur samþykkt umsókn telst samningur kominn á milli aðila.

Samþykki VIRK á umsókn felur ekki í sér skuldbindingu af hálfu VIRK um að VIRK kaupi þjónustu í formi greinargerða hjá viðkomandi sjúkraþjálfara.

Sjúkraþjálfari veitir meðferð í samræmi við faglegar kröfur sem gerðar eru til sjúkraþjálfunar. VIRK hefur hvorki aðkomu að ákvarðanatöku um meðferð né er ábyrgt fyrir henni.

5 Tilvísanir og ferill samstarfs

Í viðauka I við samning þennan má sjá myndræna útfærslu á því verkferli sem samningsaðilar sammælast um að starfa samkvæmt.

Telji sérfræðingar eða ráðgjafar VIRK að einstaklingur í atvinnutengdri starfsendurhæfingu hjá VIRK hafi þörf fyrir sjúkraþjálfun mun einstaklingi vera ráðlagt varðandi val á sjúkraþjálfara og VIRK afla upplýsinga um hvort einstaklingur sé þegar í meðferð hjá sjúkraþjálfara. VIRK mun ráðleggja einstaklingum að afla tilvísunar læknis um sjúkraþjálfun, liggja slík beiðni ekki þegar fyrir.

Eftir að ákvörðun einstaklings liggur fyrir um til hvaða sjúkraþjálfara skuli leitað mun VIRK senda beiðni um greinargerð til viðkomandi sjúkraþjálfara í gegnum upplýsingakerfi VIRK. Æskilegt er að sjúkraþjálfari staðfesti sem fyrst hvort hann hafi tök á að bjóða einstaklingnum meðferð og taki afstöðu til beiðnar um greinargerð með svari í upplýsingakerfinu innan tveggja vikna frá því að beiðni er send.

Sjúkraþjálfarar skulu leitast við að tryggja að tilvísun læknis liggja fyrir, áður en meðferð hefst. Gjöld vegna greinargerðarkaupna VIRK skulu ekki innheimt af einstaklingnum beint. Aukagjald sjúkraþjálfara við gjaldskrá SÍ skal ekki vera umfram það sem eðlilegt getur talist. Einstaklingar greiða hlut sjúklings til sjúkraþjálfara beint en geta sótt um styrk til VIRK vegna hluta kostnaðar. Sjúkraþjálfarar skulu gæta að því að upplýsa einstakling um kostnaðarhlutdeild þeirra vegna heilbrigðisþjónustunnar.

Hafi einstaklingur nýlega verið í meðferð hjá sjúkraþjálfara eða meðferð stendur yfir skal sjúkraþjálfari, sem fyrst eftir að beiðni berst, skila VIRK stuttri greinargerð um „*stöðu í upphafi meðferðar*“. Ef um nýjan einstakling í þjónustu er að ræða skal slíkri greinargerð skilað eftir að einstaklingur hefur sótt 2-5 tíma hjá sjúkraþjálfaranum. Að fenginni þeirri niðurstöðu mun ráðgjafi VIRK upplýsa sjúkraþjálfarann um hvort VIRK muni fara fram á fleiri greinargerðir vegna sjúkraþjálfunar einstaklings, en ákvörðun um áframhaldandi meðferð er ætíð í höndum sjúkraþjálfara og einstaklingsins sjálfs.

Fylgi VIRK sjúkráþjálfun einstaklings eftir mun ráðgjafi VIRK senda sjúkráþjálfaranum aðra beiðni um greinargerð í þjónustukerfi VIRK, þar sem óskað er eftir upplýsingum um „framvindu í meðferð“. Eftir atvikum mun slík beiðni verða send að nýju ef meðferð heldur áfram í tengslum við atvinnutengda starfsendurhæfingu hjá VIRK.

Sjúkráþjálfari skal upplýsa VIRK án tafar ef að mæting einstaklings og ástundun er með þeim hætti að sjúkráþjálfari meti meðferðina ekki líklega til árangurs. Enn fremur skal sjúkráþjálfari upplýsa VIRK ef hann telur stöðugleika náð varðandi líkamlega færni eða metur einstakling ekki í þörf fyrir áframhaldandi meðferð sjúkráþjálfara (viðhaldsmeðferð undanskilin). Þá skal sjúkráþjálfari upplýsa VIRK ef hann mælir með öðrum úrræðum fyrir einstakling s.s. hópaúrræði.

6 Greiðslur og gjaldskrá

Einstaklingar bera sjálfir ábyrgð á og skulu greiða kostnaðarhlutdeild sína í sjúkráþjálfun, í samræmi við þau lög, reglur og samninga sem um kostnaðarhlutdeild sjúklinga í heilbrigðiskerfinu gilda.

Fyrir þjónustu vegna greinargerðarskrifa mun VIRK greiða sjúkráþjálfara í samræmi við eftirfarandi gjaldskrá:

Verkpáttur	Lýsing	Fjárhæð
Greinargerð A: Staða í upphafi meðferðar	Greiðsla fyrir umbeðna greinargerð frá sjúkráþjálfara sbr. 5. gr. samningsins. Aðeins er greitt fyrir greinargerð ef ráðgjafi hefur óskað eftir henni með formlegri beiðni.	18.000 kr.
Greinargerð B: Framvinda í meðferð	Greiðsla fyrir umbeðna greinargerð frá sjúkráþjálfara sbr. 5. gr. samningsins. Aðeins er greitt fyrir greinargerð ef ráðgjafi hefur óskað eftir henni með formlegri beiðni.	18.000 kr.

Greinargerðum skal skilað í upplýsingakerfi VIRK. Kröfum VIRK til innihalds greinargerða er lýst í viðauka 2 við samning þennan.

Um er að ræða heildarverð vegna umræddra viðbótarverka í þágu einstaklingsins sem sjúkráþjálfarar vinna vegna samstarfs við VIRK. Ekki mun vera um frekari greiðslur að ræða frá VIRK til sjúkráþjálfara, nema samkvæmt sérstöku samkomulagi.

Sjúkráþjálfarar bera sjálfir allan kostnað af tækjum, búnaði, aðstöðu og öðru sem þeir kunna að nota í sinni meðferð.

Ef einstaklingur mætir ekki í bókaðan tíma gilda almennar reglur sjúkráþjálfara um forföll. Er það á ábyrgð hvers sjúkráþjálfara eða stofu hans að kynna fyrir einstaklingi gildandi reglur. Reikningar sjúkráþjálfara vegna greinargerða skulu útbúnir mánaðarlega fyrir nýliðinn mánuð og þurfa að hafa borist fyrir 15. hvers mánaðar og greiðast þá innan 15 daga frá móttöku ef ekki eru gerðar athugasemdir. Þeir skulu stílaðir á:

VIRK - Starfsendurhæfingarsjóður

Borgartúni 18,
105 Reykjavík

(kennitala VIRK er: 440608-0510)

Reikningarnir skulu uppfylla skilyrði um form og efni sölureikninga og innihalda kennitölu og bankaupplýsingar sjúkráþjálfara. Á reikningum skal tilgreina málsnúmer einstaklings, pöntunarnúmer og heiti greinargerða sem sjúkráþjálfari hefur skilað til VIRK.

Pöntuð greinargerð samkvæmt samningnum skal hafa borist áður en reikningur er sendur. Ef í ljós kemur að reikningur er ekki réttur miðað við fyrirliggjandi beiðni um þjónustu eða að gögn samkvæmt þessum samningi hafa ekki verið afhent þá er VIRK heimilt að halda eftir greiðslu þar til úr því hefur verið bætt.

6 Hópuræði og önnur þjónusta

Telji sjúkráþjálfari hópuræði eða eftir atvikum önnur úrræði sem sjúkráþjálfari býður upp á viðeigandi fyrir einstakling kemur til greina að VIRK taki þátt í kostnaði einstaklings vegna þeirra. Skulu aðilar þá semja sérstaklega um verð fyrir þá þjónustu, m.t.t. fjölda einstaklinga og umfangs, áður en veiting þjónustu hefst.

7 Kröfur, ábyrgð, tryggingar og starfsleyfi

Sjúkráþjálfari sem óskar eftir aðild að samningi þessum skal uppfylla allar opinberar kröfur um faglega þjónustu, rekstur og eftirlit og hafa þá fagþekkingu og þau leyfi og réttindi sem krafist er af viðkomandi starfsemi í samræmi við þau lög sem eiga við.

Starfsstöð sjúkráþjálfara skal uppfylla almennar kröfur um aðbúnað og aðgengi, hafa góða loftræstingu og lýsingu og vera með aðgang að salerni.

Sjúkráþjálfari ber, eftir almennum réttarreglum, skaðabótaábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn á hans vegum valda. Auk þess ber sjúkráþjálfari ábyrgð á tjóni, sem hlýst af ágalla á tækjum hans, sbr. lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991. Hann skal jafnframt hafa allar lögboðnar tryggingar sem eiga við um þá starfsemi sem hann rekur, fullnægjandi starfsábyrgðartryggingu og sjúklingatryggingu, þ.á.m. tryggingar sem taka til skaðabóta gagnvart notendum þjónustunnar, hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi.

Komi að mati VIRK í ljós verulegur misbrestur á því að sjúkráþjálfari uppfylli skyldur sínar og gæðakröfur skv. samningi þessum veitir það VIRK heimild til að rifta samningi við viðkomandi sjúkráþjálfara. Það sama gildir ef sjúkráþjálfari eða starfsmenn hans hafa gerst sekir um brot gegn almennum hegningarlögum eða refsíákvæðum sérlaga.

Komi til vanefnda skulu almennar reglur kröfuréttar, samningaréttar og skaðabótaréttar gilda um samning þennan að öðru leyti en því er greinir sérstaklega á um í ákvæðum hans.

8 Framsal á réttindum eða skyldum

Sjúkráþjálfurum er með öllu óheimilt að veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum. Jafnframt er honum óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningi þessum eða fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum hans, að hluta eða öllu leyti nema með skriflegu samþykki VIRK. Á það einnig við aðstoðarmenn eða nema sem kunna að starfa á vegum sjúkráþjálfarans. Sé slík heimild veitt, breytast í engu skyldur sjúkráþjálfarans gagnvart VIRK.

9 Þagnarskylda og trúnaður

Sjúkraþjálfarinn sinnir trúnaðar- og ábyrgðarverkefnum að beiðni VIRK. Honum ber að meðhöndla allar upplýsingar, skjöl og gögn, sem hann hefur aðgang að af fyllsta trúnaði. Trúnaður þessi gildir áfram eftir lok samningstímabilsins.

Sjúkraþjálfarinn lýsir því yfir að hann muni virða þagnarskyldu þá sem á honum hvílir samkvæmt þeim lögum og siðareglum sem um starf hans gilda. Sjúkraþjálfaranum ber skylda til að meðhöndla allar upplýsingar, skjöl og gögn sem hann fær aðgang að vegna þessa samnings af fyllsta trúnaði og gæta þess að enginn óviðkomandi komist yfir þær. Sömu skyldur hvíla á starfsmönnum VIRK skv. lögum nr. 60/2012.

Þrátt fyrir að samningur þessi beri með sér skrifleg fyrirmæli til VIRK telst sjúkraþjálfari ábyrgðaraðili við vinnslu persónuupplýsinga um þátttakendur í skilningi 6. tl. 3. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. VIRK telst jafnframt ábyrgðaraðili í skilningi sama ákvæðis vegna þeirra persónuupplýsinga sem skráðar eru í upplýsingakerfi sjóðsins. Er því ekki þörf á gerð sérstaks vinnslusamnings vegna þjónustukaupanna heldur ber hvor samningsaðili um sig ábyrgð á að vinnslan samrýmist ákvæðum laganna.

Sjúkraþjálfarinn skal sjá til þess að aðeins þeir starfsmenn hans sem nauðsynlega þurfa að hafa aðgang að upplýsingum um einstaklinga í þjónustu hafi slíkan aðgang og aðeins að því marki sem nauðsynlegt er til að veita þá þjónustu sem veitt er. Sjúkraþjálfarinn skal tryggja að vinnsla upplýsinga og skráningar í upplýsingakerfi VIRK séu ætíð í samræmi við lög, samning þennan og tilgang þjónustunnar. Framangreint dregur þó ekki úr skyldu VIRK til að tryggja að krafa um skráingu á upplýsingum í upplýsingakerfi sjóðsins eigi sér stoð í og sé í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018.

Í þeim tilfellum sem stofnaður er aðgangur fyrir fyrirtæki í eigu sjúkraþjálfara eða önnur fyrirtæki sem óska eftir að veita einstaklingsþjónustu á grundvelli samningsins ber fyrirsvarsaður viðkomandi lögaðila ábyrgð á fyrirtækjaaðgangi að upplýsingakerfi VIRK. Aðgengi sjúkraþjálfara að þeim fyrirtækjaaðgangi er á ábyrgð fyrirsvarsmanns fyrirtækisins og ber þeim skylda til að gæta að því að ekki sé fleirum innan fyrirtækisins veittur tengiliðaaðgangur fyrir fyrirtækið en nauðsyn krefur innanhúss til að taka við beiðnum og vísa í viðeigandi farveg hjá sjúkraþjálfaranum.

Sjúkraþjálfarinn skal viðhafa viðeigandi og fullnægjandi öryggisráðstafanir til að tryggja nægilega öryggi persónuupplýsinga í starfsemi sinni og vernda þær gegn ólöglegri eyðileggingu. Sjúkraþjálfarinn skal tilkynna VIRK án tafar um öryggisbrot við meðferð persónuupplýsinga á grundvelli þessa samnings. Ef um öryggisbrot er að ræða sem þjónustusali ber ábyrgð á skal hann jafnframt ganga úr skugga um að tilkynningarskylda til Persónuverndar og hinna skráðu samkvæmt ákvæðum laga nr. 90/2018 sé uppfyllt.

VIRK skal eiga rétt á upplýsingum frá sjúkraþjálfaranum um meðferð hans á persónuupplýsingum í tengslum við þjónustu við einstaklinga sem VIRK vísar þangað. Jafnframt skal VIRK heimill aðgangur að gögnum í þeim tilgangi að afla upplýsinga og skýringa á vinnslu persónuupplýsinga í starfsemi sjúkraþjálfarans og sannreyna að vinnslan samræmist persónuverndarlögum og öðrum lögum og reglum sem um þjónustuna gilda.

Sjúkraþjálfarinn skal bregðast við erindum skráðra einstaklinga vegna réttinda þeirra samkvæmt lögum um persónuvernd en leiðbeina skráðum einstaklingi að beina fyrirspurn sinni til persónuverndarfulltrúa VIRK ef erindið snýr að vinnslu sem sjúkraþjálfari telur á ábyrgð VIRK. Í vafatilvikum skulu samningsaðilar hafa með sér samráð um hvernig erindum skuli svarað.

Hvor samningsaðili um sig skal, sem ábyrgðaraðili við vinnslu persónuupplýsinga, upplýsa þátttakendur um vinnsluna, og kalla eftir samþykki þar sem við á, í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018.

Við samningslok mun VIRK sem ábyrgðaraðili loka á aðgang sjúkráþjálfarans að upplýsingakerfi sjóðsins, jafnframt mun VIRK eftir atvikum loka á aðgang sjúkráþjálfarans að upplýsingum um einstaklinga í þjónustu eftir að þjónustu við viðkomandi einstakling er lokið. Sjúkráþjálfarinn, sem ábyrgðaraðili þeirra gagna sem finna má í skráum hans, ber að ganga úr skugga um að sú vinnsla og varðveisla samrýmist ákvæðum laga nr. 90/2018, sem og ákvæðum laga nr. 55/2009 um sjúkraskrár, laga nr. 14/1997 um réttindi sjúklinga eða annarra laga og reglna sem um vinnsluna kunna að gilda. Jafnframt ber sjúkráþjálfara að hafa í gildi verklag sem tryggir að starfsmenn eða aðrir á hans vegum vinni ekki upplýsingar um einstaklinga í þjónustu án skýrrar lagaheimildar þ.m.t. með varðveislu gagna og upplýsinga eftir að þjónustu er lokið.

Brot á trúnaði, ákvæðum laga um meðferð persónuupplýsinga og þagnarskyldu getur leitt til fyrirvaralausrar riftunar samningsins.

10 Ágreiningur

Rísi ágreiningur vegna framkvæmdar samningsins eða einstaka samningsákvæða og túlkunar á þeim skuldbinda aðilar samnings þessa sig til að leita allra leiða til að leysa ágreining innbyrðis. Reynist nauðsynlegt að reka mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

11 Gildistími og uppsögn

Samningur þessi er ótímabundinn og tekur gildi 1. mars 2023. Samningurinn gengur fram og kemur að öllu leyti í stað fyrri samninga VIRK við þá sjúkráþjálfara sem hann tekur til. Fyrri samningur og áður samþykkt tilboð á grundvelli hans skulu þó gilda um þá þjónustu sem hafin er og er ekki lokið við gildistöku þessa samnings.


VIRK er heimilt að segja samningnum upp með 3 mánaða fyrirvara. VIRK áskilur sér rétt til og er heimilt að breyta einhliða ákvæðum þessa samnings en skal tilkynna samningsaðilum um það með þriggja mánaða fyrirvara.

Sjúkráþjálfari, sem ekki vill lengur starfa samkvæmt þessum samningi, skal tilkynna það skriflega til VIRK með 1 mánaðar fyrirvara miðað við mánaðarmót. Segi sjúkráþjálfarinn upp samningi þessum er hann þó skuldbundinn til að ljúka greinargerðarskrifum vegna einstaklinga sem þegar hafa hafið þjónustu hjá honum þegar samningnum er sagt upp, óski VIRK eftir því.

VIRK er heimilt að segja samningi þessum upp gagnvart einstökum sjúkráþjálfurum með þriggja mánaða fyrirvara.

Reykjavík, 18. janúar 2023


F.h. VIRK – Starfsendurhæfingarsjóðs



Framkvæmdastjóri

VIÐAUKI I

Ferli vegna sjúkraþjálfunar (þjónustuaðilar):



VIÐAUKI II

Greinargerð A: Staða í upphafi starfsendurhæfingar

Í „Greinargerð A – Staða í upphafi starfsendurhæfingar“ er sjúkráþjálfari beðinn um upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að meta líkamlega færni einstaklings til atvinnuþátttöku og hvort hægt sé að auka hana. Sjúkráþjálfari er beðinn um að taka afstöðu með að fylla út eftirfarandi form í upplýsingakerfi VIRK:

1. Ef einstaklingur hefur verið í meðferð hjá viðkomandi sjúkráþjálfara fyrir aðkomu VIRK er sjúkráþjálfari beðinn um að greina frá stöðu einstaklings og gefst færi á að skýra framvindu meðferðar nánar.

Hefur einstaklingur verið í meðferð hjá þér vegna sama vanda áður en starfsendurhæfing hófst?
<input checked="" type="radio"/> Já <input type="radio"/> Nei
Framvinda meðferðar og staðan í dag
<input type="radio"/> Batnandi ástand <input type="radio"/> Óbreytt ástand <input type="radio"/> Versnandi ástand
Nánari lýsing á framvindu meðferðar
Valkvætt að fylla út
<input type="text"/>

2. Ef einstaklingur hefur ekki verið í meðferð hjá sjúkráþjálfara vegna núverandi vanda fyrir aðkomu VIRK, skýrir hann frá því.

Hefur einstaklingur verið í meðferð hjá þér vegna sama vanda áður en starfsendurhæfing hófst?
<input type="radio"/> Já <input checked="" type="radio"/> Nei

3. Sjúkraþjálfari er beðinn um að meta hvaða líkamlegu þættir hindra atvinnuþátttöku, auk þess að meta áhrif þeirra á skalanum 0-4. Einnig er beðið um stutta lýsingu á líkamlegum hindrunum til atvinnuþátttöku.

Mat á líkamlegum hindrunum til atvinnuþátttöku (niðurstaða skoðunar)

Athugið að hægt er að haka við fleiri en einn valmöguleika.

Að vera í standandi stöðu/Vinna í standandi stöðu ⓘ

Að vera í sitjandi stöðu/Vinna í sitjandi stöðu ⓘ

Ganga ⓘ

Lyfta og bera hluti ⓘ

Fínhyfingar handa/fínhyfivinna ⓘ

Áreynsluþol ⓘ

Jafnvægisstarfsemi ⓘ

Verkjatilfinning ⓘ

Hve mikil áhrif hafa eftirfarandi atriði á færni til atvinnuþátttöku

Að vera í sitjandi stöðu/Vinna í sitjandi stöðu

0 - Engin áhrif á færni til atvinnuþátttöku

1 - Lítil áhrif á færni til atvinnuþátttöku

2 - Nokkur áhrif á færni til atvinnuþátttöku

3 - Talsverð áhrif á færni til atvinnuþátttöku

4 - Veruleg áhrif á færni til atvinnuþátttöku

Nánar varðandi líkamlegar hindranir til vinnu

Niðurstaða skoðunar, stutt lýsing

4. Sjúkraþjálfari er beðinn um að meta hversu áhugasamur einstaklingur er um að fræðast og nýta sér leiðbeiningar.

Áhugahvöt einstaklings

Hefur einstaklingur áhuga á að fræðast um líkamsástand sitt og hvað hann geti gert sjálfur til að bæta það?

Já
 Nei
 Veit ekki

Nýtir einstaklingur sér leiðbeiningar sem hann fær frá sjúkraþjálfara (t.d. leiðbeiningar um mikilvægi þjálfun.

Já
 Nei
 Veit ekki

5. Æskilegt að sjúkraþjálfari skrái þau mælitæki sem hann notar og niðurstöður þeirra.

Mælitæki notuð

Dagsetning	Mælitæki	Skor
23/11/2022	ODI	45 %

[Bæta við mælitæki](#)

6. Sjúkraþjálfari er beðinn um að gera grein fyrir meðferðaráætlun sinni.

Meðferðaráætlun á vegum sjúkraþjálfara

Athugið að hægt er að haka við fleiri en einn valmöguleika.

Einstaklingsmiðuð fræðsla

Æfingameðferð

Einstaklingsmeðferð sjúkraþjálfara

Áætluð tímalengd meðferðar og fjöldi tíma í meðferð

Annað

7. Sjúkraþjálfara gefst færi á að mæla með þjónustu sem aðrir fagaðilar veita. VIRK gæti boðið einstaklingi upp á a.m.k. fyrstu fjóra möguleikana á listanum ef þörf er fyrir hendi og mögulega þjónustu annarra fagaðila.

Tillögur að úrræðum á vegum annarra en meðhöndlandi sjúkraþjálfara

Athugið að hægt er að haka við fleiri en einn valmöguleika.

Æfingameðferð/þjálfun

Stoðkerfissskóli

Námskeið um þráláta verki (t.d. ACT eða HAM)

Úttekt vinnuumhverfis

Önnur námskeið/fræðsla

Nánar

Þörf á aðkomu annarra fagaðila

Nánar

8. Ef merkt er við „Æfingameðferð/þjálfun“ á vegum annarra fagaðila (sbr. hér að ofan) er sjúkraþjálfari beðinn um skýra nánar hvers konar aðstoð einstaklingur þyrfti. Einnig hefur hann möguleika á að skrá athugasemdir í reitinn „Annað“.

Nánar um æfingameðferð/þjálfun á vegum annarra en meðhöndlandi sjúkraþjálfara

Athugið að hægt er að haka við fleiri en einn valmöguleika.

Einstaklingsmiðuð æfingameðferð undir handleiðslu sjúkraþjálfara

Hóppjálfun

Kort í líkamsræktarsal

Einstaklingur er fær um að æfa á eigin vegum

Annað

Nánar

9. Sjúkraþjálfari er beðinn um að taka afstöðu til vinnufærni einstaklings (velja 1 af 6 möguleikum) og til fyrri starfsvettvangs hans (velja 1 af 4 möguleikum). VIRK útvegar vinnuþrófanir fyrir þá einstaklinga sem eru mjög óvissir um vinnugetu sína, auk þess sem metin er aðkoma atvinnutengla til að styðja einstaklinga í starf.

Staða gagnvart endurkomu til vinnu (þrátt fyrir einkenni og færniskerðingar)

Einstaklingur er ekki tilbúinn til vinnuþrófunar eða starfs

Einstaklingur er tilbúinn í vinnuþrófun (6-8 vikna stigvaxandi atvinnuþátttaka á tímabilinu, allt frá 4-6 klst. á viku, mest í 50%

Einstaklingur er tilbúinn til hlutastarfs (40-70%)

Einstaklingur er tilbúinn til mikillar/fullrar atvinnuþátttöku eða atvinnuleitar (70-100% starfshlutfall)

Einstaklingur er í hlutastarfi

Áhugahvöt einstaklings til vinnu er óljós

Er raunhæft að einstaklingur stefni á sams konar/svipað starf og sinnti áður eða þarf hann að skipta um starfsvettvang?

Það er raunhæft að einstaklingur stefni á sama starfsvettvang og áður

Einstaklingur þarf að skipta um starfsvettvang vegna heilsubrests

Ekki ljóst á þessum tímapunkti

Ekkert af ofangreindu á við

10. Að lokum gefst sjúkrajálfara tækifæri til að koma á framfæri einhverju því sem honum finnst mikilvægt varðandi meðferð, horfur og/eða færni einstaklings.

Annað sem taka þarf fram

Valkvætt að fylla út

Sjúkrajálfari getur valið að ljúka greinargerð í áföngum, þ.e. velur „Klára seinna“ til að geta lokið við greinargerð síðar. Þá vistast það sem hann hefur þegar skráð. Með því að smella á „Afgreiða greinargerð“ verður hún sýnileg öðrum í upplýsingakerfi VIRK, þ.e. ráðgjafa og viðeigandi sérfræðingum VIRK.

[Klára seinna](#) [Afgreiða greinargerð](#)

Ef sjúkrajálfari hefur gleymt að fylla í reit sem er skilyrt að fylla út fær hann áminningu um það. Hann getur ekki lokið greinargerðinni án þess að allt sé fyllt út sem á að fylla út.

Greinargerð sjúkrajálfara - Staða í upphafi starfsendurhæfingar
Vinsamlegast fyllið inn í þá reiti sem við á

Ósvaraðar spurningar og ógild svör
Nánar varðandi líkamlegar hindranir til vinnu
Meðferðaráætlun á vegum sjúkrajálfara
Tillögur að úrræðum á vegum annarra en meðhöndlandi sjúkrajálfara
Nánar um æfingameðferð/þjálfun á vegum annarra en meðhöndlandi sjúkrajálfara

Vinsamlegast svaraðu

Listi yfir atriði sem á eftir að fylla út

Greinargerð B: Framvinda í meðferð

Í „Greinargerð B: Framvinda meðferðar“ er sjúkraþjálfari beðinn um upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að meta líkamlega færni einstaklings til atvinnuþátttöku og framvindu meðferðar. Sjúkraþjálfari er beðinn um að taka afstöðu til eftirfarandi:

1. Sjúkraþjálfari er beðinn um upplýsingar varðandi upphaf meðferðar og mætingar einstaklings miðað við fyrri meðferðaráætlun.

Framvinda meðferðar
Hvenær hófst meðferð við núverandi vanda?
<input type="text"/>
Mætingar síðan meðferð hófst hafa verið
<input checked="" type="radio"/> Samkvæmt meðferðaráætlun
<input type="radio"/> Undir viðmiðum meðferðaráætlunar en eðlilegar skýringar á forföllum
<input type="radio"/> Langt undir viðmiðum (ítrekað afboðað / gleymt tímum / ekki mætt / ekki tilkynnt forföll)

2. Sjúkraþjálfari er beðinn um að meta hversu áhugasamur einstaklingur er um að fræðast og nýta sér leiðbeiningar og hvort hann taki ábyrgð á eigin þjálfun.

Áhugahvöt og ástundun
Hefur einstaklingur áhuga á að fræðast um líkamsástand sitt og hvað hann geti gert sjálfur til að bæta það?
<input checked="" type="radio"/> Já
<input type="radio"/> Nei
<input type="radio"/> Veit ekki
Nýtir einstaklingur sér leiðbeiningar sem hann fær frá sjúkraþjálfara (t.d. leiðbeiningar um mikilvægi þjálfun)
<input type="radio"/> Já
<input type="radio"/> Nei
<input checked="" type="radio"/> Veit ekki
Tekur einstaklingur ábyrgð á eigin þjálfun?
<input type="radio"/> Já
<input checked="" type="radio"/> Nei
<input type="radio"/> Veit ekki

3. Sjúkraþjálfari er beðinn um að greina frá markmiðum meðferðar og hvort meðferðaráætlun hafi heppnast. Ef meðferðaráætlun hefur ekki gengið eftir er mikilvægt að fá skýringar á hvers vegna hún gekk ekki upp.

Markmið sem unnið var að í meðferðarlotunni

Hefur meðferðaráætlun gengið upp að öllu leyti?

Já

Nei

Nánar

4. Sjúkraþjálfari er beðinn um að meta hvaða líkamlegu þættir hindra atvinnuþátttöku, auk þess að meta áhrif þeirra á skalanum 0-4. Einnig er beðið um stutta lýsingu á líkamlegum hindrunum til atvinnuþátttöku.

Mat á líkamlegum hindrunum til atvinnuþátttöku (niðurstaða skoðunar)

Athugið að hægt er að haka við fleiri en einn valmöguleika.

Að vera í standandi stöðu/Vinna í standandi stöðu ⓘ

Að vera í sitjandi stöðu/Vinna í sitjandi stöðu ⓘ

Ganga ⓘ

Lyfta og bera hluti ⓘ

Fínhyfingar handa/fínhyfivinna ⓘ

Áreynsluþol ⓘ

Jafnvægisstarfsemi ⓘ

Verkjatilfinning ⓘ

Hve mikil áhrif hafa eftirfarandi atriði á færni til atvinnuþátttöku

Að vera í sitjandi stöðu/Vinna í sitjandi stöðu

0 - Engin áhrif á færni til atvinnuþátttöku

1 - Lítil áhrif á færni til atvinnuþátttöku

2 - Nokkur áhrif á færni til atvinnuþátttöku

3 - Talsverð áhrif á færni til atvinnuþátttöku

4 - Veruleg áhrif á færni til atvinnuþátttöku

Nánar varðandi líkamlegar hindranir til vinnu

Niðurstaða skoðunar, stutt lýsing

5. Æskilegt að sjúkraþjálfari skrái þau mælitæki sem hann notar og niðurstöður þeirra.

Mælitæki notuð			
Dagsetning	Mælitæki	Skor	
30/08/2022	ODI	45	%
25/11/2022	ODI	45	%

[+ Bæta við mælitæki](#)

6. Sjúkraþjálfari er beðinn um að greina frá stöðu einstaklings og gefst færi á að skýra framvindu meðferðar nánar.

Framvinda meðferðar og staðan í dag

Batnandi ástand
 Óbreytt ástand
 Versnandi ástand

Nánari lýsing á framvindu meðferðar

Valkvætt að fylla út

7. Sjúkraþjálfari er beðinn um að gera grein fyrir meðferðaráætlun sinni.

Meðferðaráætlun á vegum sjúkraþjálfara

Athugið að hægt er að haka við fleiri en einn valmöguleika.

Einstaklingsmiðuð fræðsla
 Æfingameðferð
 Einstaklingsmeðferð sjúkraþjálfara

Áætluð tímalengd meðferðar og fjöldi tíma í meðferð

Annað

8. Sjúkraþjálfara gefst færi á að mæla með þjónustu sem aðrir fagaðilar veita. VIRK gæti boðið einstaklingi upp á a.m.k. fyrstu fjóra möguleikana á listanum ef þörf er fyrir hendi og mögulega þjónustu annarra fagaðila.

Tillögur að úrræðum á vegum annarra en meðhöndlandi sjúkraþjálfara

Athugið að hægt er að haka við fleiri en einn valmöguleika.

Æfingameðferð/þjálfun

Stöðkerfis skóli

Námskeið um þráláta verki (t.d. ACT eða HAM)

Úttekt vinnuumhverfis

Önnur námskeið/fræðsla

Nánar

Þörf á aðkomu annarra fagaðila

Nánar

9. Ef merkt er við „Æfingameðferð/þjálfun“ á vegum annarra fagaðila (sbr. hér að ofan) er sjúkraþjálfari beðinn um skýra nánar hvers konar aðstoð einstaklingur þyrfti. Einnig hefur hann möguleika á að skrá athugasemdir í reitinn „Annað“.

Nánar um æfingameðferð/þjálfun á vegum annarra en meðhöndlandi sjúkraþjálfara

Athugið að hægt er að haka við fleiri en einn valmöguleika.

Einstaklingsmiðuð æfingameðferð undir handleiðslu sjúkraþjálfara

Hóþþjálfun

Kort í líkamsræktarsal

Einstaklingur er fær um að æfa á eigin vegum

Annað

Nánar

10. Sjúkraþjálfari er beðinn um að taka afstöðu til vinnufærni einstaklings (velja 1 af 6 möguleikum) og til fyrri starfsvettvangs hans (velja 1 af 4 möguleikum). VIRK útvegar vinnuprófanir fyrir þá einstaklinga sem eru mjög óvissir um vinnugetu sína, auk þess sem metin er aðkoma atvinnutengla til að styðja einstaklinga í starf.

Staða gagnvart endurkomu til vinnu (þrátt fyrir einkenni og færniskerðingar)

- Einstaklingur er ekki tilbúinn til vinnuprófunar eða starfs
- Einstaklingur er tilbúinn í vinnuprófun (6-8 vikna stigvaxandi atvinnuþátttaka á tímabilinu, allt frá 4-6 klst. á viku, mest í 50%)
- Einstaklingur er tilbúinn til hlutastarfs (40-70%)
- Einstaklingur er tilbúinn til mikillar/fullrar atvinnuþátttöku eða atvinnuleitar (70-100% starfshlutfall)
- Einstaklingur er í hlutastarfi
- Áhugahvöt einstaklings til vinnu er óljós

Er raunhæft að einstaklingur stefni á sams konar/svipað starf og sinni áður eða þarf hann að skipta um starfsvettvang?

- Það er raunhæft að einstaklingur stefni á sama starfsvettvang og áður
- Einstaklingur þarf að skipta um starfsvettvang vegna heilsubrests
- Ekki ljóst á þessum tímapunkti
- Ekkert af ofangreindu á við

11. Að lokum gefst sjúkraþjálfara tækifæri til að koma á framfæri einhverju því sem honum finnst mikilvægt varðandi meðferð, horfur og/eða færni einstaklings.

Annað sem taka þarf fram

Valkvætt að fylla út

Sjúkraþjálfari getur valið að ljúka greinargerð í áföngum, þ.e. velur „Klára seinna“ til að geta lokið við greinargerð síðar. Þá vistast það sem hann hefur þegar skráð. Með því að smella á „Afgreiða greinargerð“ verður hún sýnileg öðrum í upplýsingakerfi VIRK, þ.e. ráðgjafa og sérfræðingum VIRK.



Ef sjúkraþjálfari hefur gleymt að fylla í reit sem er skilyrt að fylla út fær hann áminningu um það. Hann getur ekki lokið greinargerðinni án þess að allt sé fyllt út sem á að fylla út.

Greinargerð sjúkraþjálfara - Staða í upphafi starfsendurhæfingar
Vinsamlegast fyllið inn í þá reiti sem við á

Vinsamlegast svaraðu

Listi yfir atriði sem á eftir að fylla út

Ósvaraðar spurningar og ógild svör
Nánar varðandi líkamlegar hindranir til vinnu
Meðferðaráætlun á vegum sjúkraþjálfara
Tillögur að úrræðum á vegum annarra en meðhöndlandi sjúkraþjálfara
Nánar um æfingameðferð/þjálfun á vegum annarra en meðhöndlandi sjúkraþjálfara